

falin í kaupverðinu, en matsgerðinni hefur eigi verið hnekkð. Verður samkvæmt þessu að álíta stefnanda telja réttilega til skuldar hjá stefnda kr. 36462.62.

Kemur þá til álíta, að hverju marki beri að taka til greina gagnkröfu stefnda. Svo sem fyrr hefur greint verið, tafðist smíði hússins í heilt ár, og verður að telja nægilega sýnt fram á það, að stefnandi beri einn sök á því, enda eigi gert sennilegt, að óviðráðanleg atvik hafi valdið töfinni. Verður að telja, að stefndi hafi beðið tjón af vanefndum þessum, og eigi hann því bótakröfu á hendur stefnanda. Féviti það, sem stefnandi lofaði að greiða, yrði efri hæð hússins eigi fullgerð á umsömdum tíma, verður að telja bersýnilega ósanngjarnt. Með skírskotun til 35. gr. laga nr. 7 frá 1936, svo og með hliðsjón af öllum málavöxtum, þykja féviti og bætur vegna vanefnda stefnanda, að því er varðar aðra hluta hússins, hæfilega ákveðin samtals kr. 18000.00, er koma því til frádráttar skuld stefnda við stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18462.62 með vöxtum, eins og krafizt var, enda var stefna útgefin 24. apríl 1944 í máli um sama sakarefni, en það mál var hafið sakir formgalla. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1800.00, og er þar í falinn áætlaður matskostnaður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Tryggvi Ófeiggsson, greiði stefnanda, Sveinbirni Kristjánssyni, kr. 18462.62 með 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1944 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 25. nóvember 1947.

Nr. 42/1947 Vélsmiðjan Þór h/f (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Bjarna Ö. Jónassyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Varadómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um álagningu, verð og afgreiðslu vara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 26. apríl þ. á., og gert þær dómkröfur,

að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið á þá leið, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í undirrétti og fyrir hæstarétti. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur borið eftirtalin þrjú atriði fyrir sig til réttlætningar því, að hann leysti ekki til sín vörur þær, er ræðir um í máli þessu, að stefndi hafi eigi orðið við þeim tilmælum sínum að skipta vörunum í þrjár sendingar og láta sérstaka póströfu fylgja hverri, að stefndi hafi án heimildar lagt heildsöluálagningu á vörurnar og loks, að verð hinna pöntuðu varahluta hafi orðið miklum mun hærra en ráð hafi verið gert fyrir.

Vörurnar virðast hafa komið til Ísafjarðar seint í ágúst-mánuði 1945 og áfrýjandi fengið reikninga yfir þær um líkt leyti. Hinn 12. september símaði áfrýjandi stefnda og bað hann að síma sér, hvert álag hans væri á hverja vörutegund. Stefndi svaraði með símskeyti 13. september, að þóknun sín væri samkvæmt fyrir mælum verðlagsstjóra. Hinn 14. september símaði áfrýjandi á ný og bað um, að póströfunni yrði breytt í þrjár kröfur, en stefndi svaraði með símskeyti 15. september og óskaði þess, að krafan yrði innleyst í einu lagi. Sama dag símaði áfrýjandi á ný, ítrekaði ósk sína um skiptingu kröfunnar og fór fram á, að sér yrðu sendir frumreikningar yfir vöruna. Stefndi svaraði 17. september á þá leið, að frumreikningarnir væru með innheimtunni. Áfrýjandi kom svo enn í tveimur símskeytum 17. og 18. september fram með kröfuna um skiptingu póströfunnar og lýsti yfir því í síðara skeytinu, að hann myndi eigi að öðrum kosti innleysa kröfuna.

Krafa áfrýjanda um skiptingu póströfunnar hefur ekki við rök að styðjast, og fær það, að stefndi varð eigi við henni, eigi réttlætt neitun áfrýjanda á að innleysa kröfuna. Sú mótbára áfrýjanda, að stefndi hafi reiknað sér of háa álagningu, kom fyrst fram í bréfi áfrýjanda til stefnda 12. okt. 1945. Í nefndu bréfi minnst áfrýjandi og á verð varahlutanna, en ákveðna athugasemd því viðvíkjandi kom hann

eigi fram með fyrr en í greinargerð sinni í málinu í héraði. En báðar þessar mótbárur var áfrýjanda unnt að bera fram í skeytasendingum sínum til stefnda, sem áður var getið. Með því að hér er um verzlunarkaup að ræða, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922 4. gr., verður að telja áfrýjanda hafa borið mótbárur þessar of seint fram. Ber því þegar af þeirri ástæðu að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags. Svo greiði og áfrýjandi stefnda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þór h/f, greiði stefnda, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 11. marz 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 11. marzmánaðar, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem sjódomsformanni, og meðdomendum Birni Helgasyni fyrrv. skipstjóra og Bror Westerland forstjóra upp kveðinn dómur í ofangreindu máli.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóv. 1945, af Bjarna Ö. Jónassyni, umboðs- og heildsala hér í bæ, gegn Vélsmiðjunni Þór h/f á Ísafirði, þeim stjórnarmeðlimum Ólafi Guðmundssyni framkvæmdarstjóra, Finni Jónssyni fyrrv. dómsmálaráðherra og Jóhanni Þorsteinssyni, Ísafirði, og réttarkröfur stefnandans þær, að hið stefnda hlutafélag yrði dæmt til að greiða honum kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Síðan gekk dómur í máli þessu í bæjarþinginu 18. maí 1946, og var honum skotið til hæstaréttar, en var þar ómerktur með hæstaréttardómi 31. jan. 1947, og málinu vísað heim, með því að það hefði átt að reka og dæma í sjó- og verzlunardómi. Var málið þá tekið upp af nýju og flutt í sjó- og verzlunardóm og rekið þar, en að málflutningi loknum lagt í dóm þann 25. febrúar s. l.

Af hálfu hins stefnda félags er krafizt algerrar sýknu og að því verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandinn, Bjarni Ö. Jónasson, umboðs- og heildsali hér í bæ, var á ferðalagi vestur á Ísafirði í ágústmánuði 1944. Átti hann þá tal við framkvæmdarstjóra hins stefnda félags, Ólaf Guðmundsson, um útvegum á ýmsum járnsmiðataekjum. Með bréfi, dags. 4. sept. 1944, biður framkvæmdarstjórinn stefnandann að útvega sér, með tilvisun til samtals þeirra, tæki, er hann síðan telur upp, en það eru þær sömu vörur, sem krafizt er greiðslu fyrir í þessu máli. Jafnframt óskar hann, að pöntuninni sé hraðað, svo sem hægt sé, og að þeir muni sækja um gjaldeyris- og innflutningsleyfi, þegar þeir fá að vita upphæðina.

Frekari skilyrði eru eigi sett í þessu bréfi, né gert ráð fyrir neinum sérstökum greiðslumáta. Með bréfi til stefnda, dags. 13. s. m., staðfestir stefnandinn móttöku á pöntuninni og með bréfum, dags. 2% og 3%, staðfestir hann pantanir á sagarblöðum og slípiefni. Í öllum bréfum stefnandans er tekið fram, að verð og afgreiðsla sé án skuldbindingar.

Í svari stefnda frá 14. sept. 1944 eru athugasemdir um, að verðsetningu vanti á sagarblöðin og smergilskifur, og óskað, að vörurnar séu sendar beint til Ísafjarðar. Í niðurlagi segir þar, að þeir vænti þess, að stefnandinn sjái um, að verð og gæði og sendingarmáti verði þannig, að þeir geti gefið honum áframhaldandi pantanir í þessum greinum.

Framar en hér er rakið, verður ekki séð, að stefndi hafi tilskilið um verð og afgreiðslumáta.

Stefnandinn virtist hafa samþykkt að láta senda sagarblöðin beint til Ísafjarðar, en neitar að hafa lofað því um hinar vörurnar. Umræddar vörur komu síðan til Reykjavíkur í stærri vörusendingum til stefnandans, en hann sameinaði síðan pöntun stefnda í eina sendingu og afgreiddi hana til Ísafjarðar um mánaðamótin ágúst og september 1945 ásamt póströfu að upphæð kr. 7604.68, sem er stefnukrafa máls þessa.

Stefndi neitaði að innleysa póströfuna og fór fram á, að henni yrði breytt í þrjár vörusendingar og sérstök krafa fyrir hverja, og að sér yrðu sendir frumreikningar seljanda. Þá mótmælti stefndi, að stefnandinn hefði heimild til að reikna sér heildsöluálagningu, eins og hann hefði gert, því vörurnar hefðu verið pantaðar í umboðssölu.

Ekki vildi stefnandinn ganga inn á þessar kröfur stefnda og hélt fast við heimild sína til að reikna sér heildsöluálagningu, enda hefði heildsalapóknun hans verið reiknuð eftir fyrirmælum verðlagsstjóra í samræmi við gildandi ákvæði um heildsöluálagningu. Jafnframt benti hann á, að sendingarkostnað við sagarblöðin hefði hann tekið á sig, þar sem hann hefði lofað, að þau yrðu send beint.

Þar sem stefndi ekki innleysti póströfuna, höfðaði stefnandi mál þetta til greiðslu á þeirri upphæð.

Ágreiningur í máli þessu er fyrst og fremst um það, hvort umræddar vörur hafi verið seldar í umboðssölu eða heildsölu.

Eftir visbendingu hæstaréttar hefur verið leitað álits verðlagsstjóra og Verzlunarráðs Íslands um þetta atriði. Verðlagsstjóri hefur látið í té viðurkenningu fyrir því, að álagning á umræddar vörur sé í samræmi við gildandi reglur um heildsöluálagningu. Á hinn bóginn hefur hann ekki talið sig geta gefið frekari upplýsingar, er að gagni mættu koma um skil milli umboðssölu og heildsölu.

Þá hefur Verzlunarráð Íslands gefið skriflegt álit í þessu efni (dómskj. 21). Er þar gerð grein fyrir í fjórum liðum þeim aðferðum, sem um sé að ræða við innflutning og sölu á erlendum vörum. En það hljóti að vera samkomulagsatriði seljanda og kaupanda, hvaða leið sé farin, þegar stofnað sé til viðskipta.

Eins og mál þetta liggur fyrir, virðast viðskipti aðilja ekki verða heimfærð undir neinn þeirra liða, sem getur í bréfi Verzlunarráðsins. Þar sem farmskirteini og verðreikningur fara ekki beint til kaupanda og enn fremur ekki samið fyrirfram um umboðslaun, fellur það ekki undir skilgreininguna um umboðssölu, sbr. 1. og 3. lið rjskl. 2.

Hins vegar virðist mega heimfæra viðskipti þessi undir viðskipti samkvæmt 4. lið, þó þannig að reiknuð er lögfest heildsalaálagning eftir 2. lið, og ætti þá að mega telja samkvæmt þessu, að hér væri um heildsölu að ræða.

Það skal tekið fram, að við málflutninginn hefur verið haldið fram, að ekki sé vitað um neinar viðskiptavenjur, er myndast hafi um þau atriði, er hér liggja fyrir til úrlausnar.

Það verður ekki séð, að stefnandinn hafi gefið þeim, er umræddar vörur pöntuðu hjá honum, beint eða óbeint réttmæta ástæðu til að álita, að um umboðssölu væri að ræða, og ekkert áskilið í þá átt af hálfu stefnda, er pöntun var gerð eða afgreidd.

Það er ekkert fram komið í þessu máli því til fyrirstöðu, að stefnandinn reikni sér löglega heildsöluálagningu á umræddar vörur, er verðlagsyfirvöldin hafa lagt samþykki sitt á, enda upplýst, að erlendis frá hafa þær verið afgreiddar sem venja er um heildsölu, en ekki umboðssölu.

Þá hefur stefndi að því fundið, að verðið hafi orðið miklu hærra en ráð var fyrir gert við pöntun, sérstaklega á verkfærahlutunum á rskj. 4, og dráttur orðið úr hófi fram á afgreiðslu þeirra, þar sem hér um bil ár hafi liðið frá því, að pöntun var gerð, og þar til varan kom.

Það verður að teljast eðlilegt, að verð og afgreiðslutími væri mjög í óvissu á slíkum stríðstímum, enda tekinn greinilegur fyrirvari um það af stefndanum, og verður honum engin sök gefin í því efni, enda ekkert komið fram, er benti til, að stefnandinn hafi í þeim greinum staðið verr að en þá var almennt og við mátti búast.

Þá hefur af hálfu stefnda verið höfð uppi sú varnarástæða, að hver vörutegund hefði átt að vera í sendingu fyrir sig og sendast beint frá seljanda til kaupanda. Ekki er sannað, að af hálfu stefnda væri slíkt tilskilið né samþykkt af stefnanda, nema um sagarblöðin, og hefur stefnandinn tekið á sig sendingarkostnað þeirra frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Verður að fallast á, að eins og þessu var háttað, verði ekki gerðar frekari kröfur á hendur stefnanda, þar sem ekki er um umboðssölu að ræða að dómi réttarins, eins og þegar er fram tekið.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða dóms þessa sú, að taka beri til greina allar kröfur stefnandans, einnig málskostnaðarkröfu hans, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnandanum, Bjarna Ö. Jónassyni, kr. 7604.68 með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1945 til greiðsludags og málskostnað með 1000 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1947.

Nr. 114/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Óskari Sigurvin Ólafssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. og 220. gr. almennra hegningarlaga og lög-
gjöf um umferð.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hafa að tilhlutun hæstaréttar verið fengnar skýrslur Magnúsar héraðslæknis Péturssonar og Kristjáns læknis Þorvarðssonar um heilsu-
tjón Þórunnar Hólmfríðar Guðmundsdóttur af slysförum þeim, er í málinu greinir. Kristján læknir kveðst hafa stund-
að Þórunni í febrúar og marzmánuði 1946 vegna afleiðinga